

REGLUGERÐ

um flokkun almannavarnastiga.

1. gr.

Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er og tilkynnir það dómsmálaráðherra. Heimilt er að lýsa yfir almannavarnaástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Almannavarnastig eru flokkuð eftir alvarleika, umfangi viðbúnaðar og þörf á forgangshraða viðbragðsaðila.

3. gr.

Stig alvarleika eru óvissustig, hættustig og neyðarstig.

1. Um óvissustig er að ræða:

- Þegar afla þarf upplýsinga um menn sem óvissa ríkir um.
- Þegar skip, loftfar eða menn hafa ekki komið fram á ákvörðunarstað eða ekkert heyrst frá þeim í tiltekinn tíma.
- Þar sem óvissa ríkir um öryggi skips eða loftfars og þeirra sem í því eru.
- Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.
- Þegar sóttvarnaryfirvöld meta þörf á að hefja undirbúning að viðbúnaði vegna farsóttar samkvæmt ráðleggingum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

2. Um hættustig er að ræða:

- Þegar hefja þarf eftirgrennslan eftir mönnum sem óttast er um.
- Þegar tilraunir til að ná sambandi við skip, loftfar eða menn hafa ekki borið árangur.
- Þegar upplýsingar hafa borist sem gefa til kynna að sjóhæfni skips sé takmörkuð, flughæfni loftfars skert og menn í vanda staddir, þó ekki svo alvarlegar að líkur séu á neyðarástandi.
- Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða.
- Ef auka þarf viðbúnað og sóttvarnarráðstafanir vegna yfirvofandi farsóttar.

3. Um neyðarstig er að ræða:

- Þegar viðhafa þarf tafarlaus viðbrögð vegna manna sem óttast er um.
- Þegar ítrekaðar tilraunir til að hafa samband við skip, loftfar eða menn hafa reynst árangurslausar og óttast er að viðkomandi sé í neyð.
- Þegar staðfestar upplýsingar hafa borist um að skip, loftfar eða menn séu í neyð eða yfirvofandi hættu og þarfnist tafarlausrar aðstoðar.
- Þegar slys eða hamfarir hafa orðið eða þegar heilbrigðisöryggi manna er ógnað svo sem vegna farsóttar.

4. gr.

Umfang almannavarnaviðbragða er gefið til kynna með eftirfarandi litum: Grænt, gult, rautt eða svart. Litirnir gefa til kynna hversu mikils viðbúnaðar sé þörf, svo sem fjölda þeirra eininga sem eru virkjaðar í þágu almannavarna í hvert sinn, þörfina fyrir samhæfingu og fjölda stjórnstiga.

a. Grænt - dagleg verkefni.

Slysi eða atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum eða stofnunum þar sem dagleg skipan mála á viðbúnaði er nægjanleg til þess að eiga við verkefnið.

b. Gult - stærri og flóknari aðgerðir.

Alvarlegt slys eða atburður svo sem leit á einu svæði eða þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu.

c. Rautt - stórslys og hamfarir.

Mjög umfangsmikið slys eða atburður svo sem leit eða björgun við erfiðar aðstæður eða á mörgum svæðum. Þörf á aðkomu mikils fjölda viðbragðsaðila eða stofnana og aukin þörf á samhæfingu og stjórnskipulagi almannavarna.

d. Svart - þjóðarvá.

Þjóðarvá; hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

5. gr.

Þörf á forgangshraða viðbragðsaðila ræðst af alvarleika slyss eða atburðar. Við boðun viðbragðsaðila vegna almannavarna aðgerða skal nota eftirfarandi skilgreiningar á forgangi:

- a. F1 - Mesti hraði.
- b. F2 - Mikill hraði.
- c. F3 - Lítill hraði.
- d. F4 - Ekki forgangur.

Hver viðbragðsaðili skilgreinir nánar inntak forgangshraða samkvæmt eigin skipulagi. Áhafnir á þýrlum Landhelgisgæslunnar verða áfram boðaðar með forgangslýsingu Alfa - Bravo - Charlie - Delta.

Við boðun viðbragðsaðila skal tilgreina forgang boðunar, stig alvarleika, umfang eftir því sem það er þekkt, staðsetningu atburðar, til hvers konar aðgerðar er verið að boða, hver sendir út boðin og hverja er verið að boða til aðgerða.

6. gr.

Viðbragðsaðilum almannavarna er heimilt að nýta stigskiptingu almannavarna svo sem við daglegan slysaviðbúnað, leit og björgun á landi, sjó og í lofti eða vegna viðbragða við öðru hættuástandi þótt ekki hafi verið lýst yfir almannavarnaástandi.

Frekari útfærsla á stigakerfi almannavarna er í viðauka 1 við reglugerð þessa.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. júlí 2009.

Ragna Árnadóttir.


Haukur Guðmundsson.

VIÐAUKI I

Almannavarnastig eru notuð til að lýsa alvarleika þess atviks sem verið er að fást við hverju sinni. Hvaða þörf er á umfangi viðbúnaðar í ljósi þess um hversu alvarlegan eða stórfelldan atburð eða umfang afleiðinga er að ræða. Þá lýsa almannavarnastig því hversu brýn forgangsþörf er á að bregðast við boðun.

Litirnir gefa til kynna hver þörf á umfangi er í ljósi alvarleika og stærðarumfangs sem ræðst m.a. af hversu brýn þörf er fyrir samhæfingu í ljósi fjölda viðbragðsaðila og hversu margar einingar þarf að virkja.


Skýringarmynd um stig umfangs í ljósi alvarleika:



Umfang og alvarleiki atburðar getur verið misjafn á hverju stigi fyrir sig bæði vegna sama atburðar og á milli mismunandi atburða. Vegna þess er notuð litaskiptingin grænn, gulur, rauður og svartur sem segja til um umfangið en viðbragðsaðilar eru daglega að vinna í hinum ýmsu verkefnum sem kalla á mismikinn viðbúnað þar sem alvarleiki og umfang er breytilegur.

Skýringarmyndin sýnir á heildstæðan hátt samsetningu stigakerfis almannavarna þar sem alvarleiki útkalls er flokkaður í óvissu, hættu, neyð. Umfang í ljósi alvarleika er flokkað í grænt, gult, rautt, svart og þörf á forgangi við boðun flokkuð eftir alvarleika útkalls.

Skýringarmynd um stigakerfi almannavarna.



Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.